

Nr. 9.
12.
marz.

Auglýsing

um

breyting á innsigli Íslands.

Samkvæmt þegnlegum tillögum ráðherra Íslands hefur Hans Hátign konunginum þóknazt í dag allramildilegast að úrskurða, að innsigli Íslands skuli breytt þannig, að í stað fisksins, sem í því er, komi fálki, gerður eptir uppdrætti þeim, er samþykktur er með allrahæstum úrskurði 19. desember f. á. til upptöku í skjaldmerki Íslands, og á grunninn sett ártalið 1903.

Þetta gjörist hjer með almenningi kunnugt.

Ráðherra Íslands, staddur í Kaupmannahöfn 12. marz 1904.

H. Hafstein.

Olafur Halldórsson.

Bekendtgørelse

om

Forandring i Islands Segl.

Nr. 9.
12te
Marts.

Paa Islands Ministers derom nedlagte allerunderdanigste Forestilling har det behaget Hans Majestæt Kongen under Dags Dato at resolve, at Islands Segl forandres saaledes, at der i Stedet for den i samme anbragte Fisk anbringes en Falk af samme Tegning som den ved allerhøjeste Resolution af 19de December f. A. til Optagelse i Islands Vaabenmærke approberede, med Aarstallet 1903 i Feltet.

Hvilket herved bringes til almindelig Kundskab.

Islands Minister, p. t. København, den 12te Marts 1904.

H. Hafstein.

Olafur Halldórsson.